

Ólafur Kj. Halldórsson, Lækjarhjalla 36, 200 Kópavogi geri eftirfarandi athugasemdir:
Nú þegar er mikil ljósmengun inn í íbúðarhverfi frá Dalvegi 30. Tryggja þarf það í deiliskipulagi að óheimilt sé að hafa upplýsanleg skilti sem snúa að íbúðarhverfinu, að ég tali nú ekki um blikkandi skilti. Ljósmengun af slíkum skiltum inn í íbúðarhverfi er óásættanleg. Það hlýtur að vera sjálfsögð krafa að reynt sé að hafa nýja byggingu á lóðinni að Dalvegi 30 sem fjærst íbúðarbyggðinni.

Nýbygging að Dalvegi 30 setur enn meiri umferð á Dalveginn, sem fyrir er löngu sprunginn. Í fyrra var hljóðmön hækkuð að hluta (sem er vel), en að auki var sett einfalt timburverk þar sem áður var hlóðmön. Með auknum umferðarpunga hlýtur að vera eðlileg krafa íbúa að timburverk verði tvöfaldað og holum/lautum á milli timburverks og hljóðmanar verði lokað, annað hvort þá með að lengja timburverkið eða hækka hljóðmön þar sem hún mætir timburverkinu, sbr. timburverk/hljóðmön við Dalveg á mótí Lækjarhjalla 34 og Lækjarhjalla 36.

Það verður að klára allar vegaframkvæmdir sem búið er að tala um og geta létt á umferð á Dalvegi, s.s. brú á milli lóðanna Dalvegs 28 og Dalvegs 30, vegtengingu milli Reykjanesbrautar og Dalvegar, ásamt því að lækka hámarkshraðann á Dalvegi.